

## REGLUGERÐ

### **um breytingu á reglugerð nr. 73/2013 um úthlutun endurgjaldslausras losunarheimilda til rekstraraðila staðbundinnar starfsemi í viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir.**

1. gr.

9. gr. reglugerðarinnar ásamt fyrirsögn orðist svo:

*Almennur leiðréttigarstuðull.*

Almennur leiðréttigarstuðull á viðskiptatímabilinu 1. janúar 2013 til 31. desember 2020 kemur fram í viðauka við reglugerð þessa.

2. gr.

Við 21. gr. bætist nýr staflíður, svohljóðandi:

- e) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2013/447/ESB frá 5. september 2013 um staðlaða stuðulinn fyrir nýtingu afkastagetu skv. 2. mgr. 18. gr. ákvörðunar 2011/278/ESB, sem vísað er til í tölulið 21alca, III. kafla, XX. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 238/2013, frá 13. desember 2013, með þeim breytingum og viðbótum sem leiðir af reglugerð þessari, XX. viðauka samningsins, bókun 1 við samninginn og öðrum ákvæðum hans. Ákvörðunin er birt í fylgiskjali 4 við reglugerð þessa.

3. gr.

*Lagastoð og gildistaka.*

Reglugerð þessi er sett með stoð í 11. mgr. 10. gr. laga nr. 70/2012 um loftslagsmál.  
Reglugerðin öðlast þegar gildi.

*Umhverfis- og auðlindaráðuneytinu, 17. janúar 2014.*

F. h. r.

**Stefán Thors.**

*Hugi Ólafsson.*

## VIÐAUKI

Almennur leiðréttigarstuðull:	
2013	94,272151%
2014	92,634731%
2015	90,978052%
2016	89,304105%
2017	87,612124%
2018	85,903685%
2019	84,173950%
2020	82,438204%

**Fylgiskjal 4.****ÁKVÖRDUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR**

frá 5. september 2013

um staðlaða stuðulinn fyrir nýtingu afkastagetu skv. 2. mgr. 18. gr. ákvörðunar 2011/278/ESB

(2013/447/ESB)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/87/EB frá 13. október 2003 um að koma á fót kerfi fyrir viðskipti með heimildir til losunar gróðurhúsalofttegunda innan Bandalagsins og um breytingu á tilskipun ráðsins 96/61/EB<sup>(1)</sup>), einkum 10. gr. a,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Í því skyni að gera aðildarríkjum kleift að ákvarða, í samræmi við 1. og 3. mgr. 18. gr. ákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar 2011/278/ESB<sup>(2)</sup>, starfsemisstig nýrra þáttökustöðva skv. h-lið 3. gr. tilskipunar 2003/87/EB skal framkvæmdastjórnin ákvarða og birta stöðluðu stuðlana fyrir nýtingu afkastagetu.
- 2) Til að reikna út fjölda losunarheimilda, sem skal úthluta án endurgjalds til nýrra þáttökustöðva sem uppfylla skilyrði fyrir slíkri úthlutun á tímabilinu 2013–2020, verða aðildarríkin að ákvarða starfsemisstig þessara stöðva. Í þessu samhengi er staðlaði stuðullinn fyrir nýtingu afkastagetu nauðsynlegur til að ákvarða vörutengt starfsemisstig fyrir vörur sem vörviðmiðun hefur verið ákveðin fyrir í I. viðauka við ákvörðun 2011/278/ESB. Að því er varðar nýjar þáttökustöðvar, að undanskildum nýjum þáttakendum sem eru til komnir vegna verulegar stækkunar, er þetta starfsemisstig ákvarðað með því að margfalda upphaflega afkastagetu í tengslum við framleiðslu á þessari vörú í samræmi við 4. mgr. 17. gr. ákvörðunar 2011/278/ESB með staðlaða stuðlinum fyrir nýtingu afkastagetu. Að því er varðar stöðvar þar sem afkastagetan er annaðhvort verulega aukin eða minnkuð skulu aðildarríkin nota staðlaða stuðullinn fyrir nýtingu afkastagetu til að ákvarða vörutengt starfsemisstig aukinnar eða minnkaðrar afkastagetu viðkomandi undirstöðvar.
- 3) Staðlaði stuðullinn fyrir nýtingu afkastagetu skal vera 80. hundraðshlutamarkið af meðaltali árlegrar nýtingar afkastagetu allra stöðva sem framleiða viðkomandi vörur. Aðildarríkin söfnuðu gögnum um meðaltal árlegrar framleiðslu viðkomandi vörur á tímabilinu 2005–2008 og var það liður í heildarsöfnun grunngagna fyrir starfandi stöðvar sem gerð var fyrir samantekt framkvæmdarráðstafana á landsvísu. Með því að deila í þessar framleiðslutölur með upphaflegri afkastagetu, eins og um getur í 3. mgr. 7. gr. ákvörðunar 2011/278/ESB, ákvörðuðu aðildarríkin síðan á þeim grundvelli stuðlana fyrir nýtingu afkastagetu viðkomandi stöðva á þeirra yfirráðasvæði. Aðildarríkin miðluðu þessum upplýsingum síðan til framkvæmdastjórnarinnar sem lið í framkvæmdaráðstöfunum á landsvísu.
- 4) Við móttoku framkvæmdarráðstafananna á landsvísu frá öllum aðildarríkjum og með tilliti til framkvæmdaráðstafana á landsvísu í EFTA-löndunum innan EES ákvarðaði framkvæmdastjórnin 80. hundraðshlutamarkið

(1) Stjórið ESB L 275, 25.10.2003, bls. 32.

(2) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2011/278/ESB frá 27. apríl 2011 um umbreytingarreglur á vettvangi Sambandsins um samræmda úthlutun losunarheimilda án endurgjalds skv. 10. gr. a í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/87/EB (Stjórið ESB L 130, 17.5.2011, bls. 1).

af meðaltali árlegra stuðla fyrir nýtingu afkastagetu stöðva, sem framleiða vörum sem viðmiðun hefur verið ákvæðin fyrir, með tilliti til nauðsynjar þess að tryggja hlutlaus samkeppnisskilyrði fyrir iðnrekstur sem fer fram í stöðvum, sem eru reknar af einum rekstraraðila, og framleiðslu í útvistuðum stöðvum. Útreikningarnir byggjast á upplýsingum sem eru aðgengilegar framkvæmdastjórninni til 31. desember 2012.

- 5) Stöðluðu stuðlarnir fyrir nýtingu afkastagetu fyrir hverja vörumiðun eru settir fram í viðaukanum við þessa ákvörðun. Þessir stuðlar gilda fyrir árin 2013 til 2020.

**SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:**

*1. gr.*

Aðildarríkin skulu nota stöðluðu stuðlana fyrir nýtingu afkastagetu, sem tilgreindir eru í viðaukanum, til að ákvárdar vörutengt starfsemisstig stöðva sem um getur í h-lið 3. gr. tilskipunar 2003/87/EB í samræmi við 18. gr. ákvörðunar 2011/278/ESB.

*2. gr.*

Ákvörðun þessi öðlast gildi á fyrsta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Gjört í Brussel 5. september 2013.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

*forseti.*

José Manuel BARROSO

**VIÐAUKI**

Vörumiðanir sem eru tilgreindar í I. viðauka við ákvörðun 2011/278/ESB	Staðlaður stuðull fyrir nýtingu afkastagetu
Koks	0,960
Glætt málmgrýti	0,886
Heitur málmur	0,894
Forbökuð forskaut	0,928

Vörupiðmiðanir sem eru tilgreindar í I. viðauka við ákvörðun 2011/278/ESB	Staðlaður stuðull fyrir nýtingu afkastagetu
Ál	0,964
Grátt sementsgjall	0,831
Hvít sementsgjall	0,787
Kalk	0,813
Brennt dólómít	0,748
Sindrað, brennt dólómít	0,784
Flotgler	0,946
Flöskur og krukkur úr ólituðu gleri	0,883
Flöskur og krukkur úr lituðu gleri	0,912
Vörur úr samfelldum glertrefjum	0,892
Múrsteinar til klæðningar	0,809
Hellusteinar	0,731
Þaktígulsteinar	0,836
Úðaþurrkað duft	0,802
Gifs	0,801
Þurrkað, endurunnið gifs	0,812
Kraftpappírsdeig með stuttum trefjum	0,808

Nr. 128

17. janúar 2014

Vörnuviðmiðanir sem eru tilgreindar í I. viðauka við ákvörðun 2011/278/ESB	Staðlaður stuðull fyrir nýtingu afkastagetu
Kraftpappírsdeig með löngum trefjum	0,823
Súlfítpappírsdeig, hitameðhöndlað og vélunnið pappírsdeig og vélunnið pappírsdeig	0,862
Endurheimt pappírsdeig	0,887
Dagblaðapappír	0,919
Óhúðaður gæðapappír	0,872
Húðaður gæðapappír	0,883
Pappírsþurrkur	0,900
Testliner-pappi og bylgjupappír	0,889
Óhúðaður pappi	0,863
Húðaður pappi	0,868
Saltpéturssýra	0,876
Adipínsýra	0,849
Vínylklóríðeinliður	0,842
Fenól/aseton	0,870
Pólívínýlklóríð í sviflausn (S-PVC)	0,873
Pólívínýlklóríð í ýrulausn (E-PVC)	0,834
Sódi	0,926

Nr. 128

17. janúar 2014

Vörnuviðmiðanir sem eru tilgreindar í I. viðauka við ákvörðun 2011/278/ESB	Staðlaður stuðull fyrir nýtingu afkastagetu
Afurðir frá hreinsunarstöðvum	0,902
Kolstál úr ljósbogaofnum	0,798
Stálblendi úr ljósbogaofnum	0,802
Járnsteypa	0,772
Steinull	0,851
Gifsplötur	0,843
Kinrok	0,865
Ammoníak	0,888
Gufusundrun	0,872
Arómöt	0,902
Stýren	0,879
Vetni	0,902
Tilbúið gas	0,902
Etýlenoxíð/etýlenglýkól	0,840